

//Á döfinni//

...:Foreldradagur:...

Foreldrar/forráðamenn og nemendur eru boðaðir í viðtal til umsjónarkennara **mánudaginn 30. október.**

Farið verður yfir námsframvindu, hegðun og líðan nemenda. Tímasetningar og gátlistar fyrir viðtalið fara heim með nemendum þegar nær dregur.

Foreldrar/forráðamenn eru vinsamlegast beðnir að fylla út gátlistann ásamt börnunum og koma með hann útfylltan í viðtalið.

Aðrir kennarar verða á staðnum og tilbúnir til viðtals fyrir þá sem þess óska.

...:Íþróttakennsla:...

Íþróttakennslan hefur nú færst úr sundlauginni, inn í íþróttasal. Þá er mikilvægt að nemendur muni eftir íþróttafötunum sínum og handklæði.



...:Íþróttahátíð:...

Íþróttahátíð 8.—10. bekkinga í Hvals-, Hellu- og Laugalandsskóla verður haldin á Hellu fimmtudaginn 23. nóvember kl. 19:00 - 22:00.



// Fréttir frá Laugalandsskóla //

...:Lestrarnámskeið:...

Mánudaginn 16. október var farið af stað með lestrarnámskeið fyrir alla nemendur Laugalandsskóla og mun það standa yfir í átta vikur.

Fer það fram bæði í skóla og heima fyrir. Fylgt er ákveðnu verklagi sem mikilvægt er að fara eftir svo átakið skili sem bestum árangri. Nemendur

voru prófaðir



í hraðlestri áður en námskeiðið hófst og verða svo prófaðir aftur í lok þess. Áhugavert verður að sjá þann árangur sem það skilar.

Lestur er fyrir hugann

eins og

hreyfing fyrir líkamann.

...:Bragi lætur af störfum:...

Þann 30. september var síðasti vinnudagur fráfarandi húsvarðar, Braga



Guðmundssonar. Bragi hefur unnið við skólann frá haustinu 2002 eða í tæplega 15 ár. Þar sem Bragi er mikill söngmaður var ákveðið að kveðjustundin yrði í hans anda. Nemendur í 3. og 4. bekk, sem hafa verið duglegir að æfa sig í tónmennt í vetur, sungu honum til heiðurs stórsmellinn Bahama. Söngvalið lét sitt ekki eftir liggja og tók vinsælasta lag ársins, Shape of you með Ed Sheeran, enda ekki á hverjum degi sem einn ástsælasti starfsmaður skólans fagnar tímamótum sem þessum. Í kveðjuskyni var Braga

færður rammi með ljósmyndum úr skólastarfinu. Við óskum Braga vel-
farnaðar og þökkum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum.



...:Nýr húsvörður:...

Jón Ingþór Haraldsson (Nonni) hefur tekið við stöðu húsvörðar við Laugalandsskóla. Nonni er fyrrum nemandi skólans og útskrifaðist



árið 1988. Hann bjó þá á Efri-Rauðalæk í Holtum. Nú síðast vann hann í áhaldahúsinu á Helli og þekkir því vel til skólans. Við óskum Nonna velfarnaðar í starfi.

...:Dansvika:...

Í október var dansvika í Laugalandsskóla. Auður Haralds hefur komið til okkar í mörg ár og kennt nemendum dans, þeim til gagns og ánægju. Fleiri myndir má finna á heimasíðu skólans.



::Heimsókn í Helluskóla::

Nemendur í 5. og 6. bekk fóru ásamt Sóleyju umsjónarkennara og Kristínu aðstoðarskólalastjóra í heimsókn í Helluskóla 4. október síðastliðinn. Heimsóknin er hluti af samstarfi milli Laugalandsskólans og Helluskóla.



Nemendur í 6. bekk plöntuðu trjá í Melaskógi og 5. bekkingar fóru m.a. í tónmennt og í stærðfræðileiki.



Heimsóknin endaði

með því að allir snæddu saman í mötuneyti Helluskóla. Krakkarnir



skemmtu sér konunglega og hlakka við til að taka á móti nemendum Helluskóla á Laugalandi að vori.

...:Dönsk matarmenning í 9. og 10. bekk:...

Vi í 9. og 10. klasse bagte æbleskiver i dansktíme.



I starten så vi en video. Videoen viste os hvordan vi skulle bage æbleskiverne og vi skrev opskriften ned efter den.



Den næste dag bagte vi æbleskiver i skolekøkkenet og det gik godt. Vi brugte en

speciel æbleskivepande med syv huller til at lave æbleskiverne. Vi prøvede både med



æble og chokolade ind i æbleskiverne.


Vi spiste æbleskiverne med flormelis og

syttetøj og de smagte rigtig godt.



...:Borholan:...

Nemendur 3.-10. bekkjar fengu fræðslu um jarðborunina sem er að eiga sér stað hér á Laugalandi. Það var verkfræðingur frá Mannvit sem fræddi okkur um boranir, hvernig þær eru framkvæmdar, öryggismál og margt fleira. Við sáum yfirlitsmynd af Íslandi þar sem yfir 5000 borholur eru af ýmsu tagi. Nemendurnir sýndu efninu mikinn áhuga og voru góðir áheyrendur.



Borholur á Íslandi